

LÖG

um breyting á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein er orðast svo:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

Nr. 111

29. október 1993

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 29. október 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.